Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 24. ágúst 2026
26071073/505.00 BR

Efni. Umsögn umhverfissvið varðandi erindi um illa lagðar rafskútur

Á fundi bæjarráðs þann 20. ágúst 2026 var erindi um illa lagðar rafskútur sent til umhverfissviðs til umsagnar. Óskað var eftir að í umsögninni komi fram m.a. hvaða reglur gilda um rafskútur almennt og hjá bænum, hvaða samningar eru í gildi gagnvart bænum, hvað hefur verið gert, hvað umhverfissvið telur fært að gera og annað sem kann að skipta máli.

Almennt gilda umferðarlög nr. 77/2019 um rafskútur þar sem þau eru skilgreind sem smáfarartæki og hannað til aksturs á hraða 6-25 km/klst. Ekkert kemur fram í umferðarlögum varðandi lagningu slíkra smáfarartækja.

Kópavogsbær hefur gert samninga við Hopp og Bolt um skyldur þjónustuaðila um að reka stöðvalausa hjólaleigu í Kópavogi. Samningur Bolt rennur út í júní 2027 en samningur við Hopp rann út í maí 2026 og hefur ekki verið endurnýjaður.

Í samningum kemur m.a. fram að:

- Þjónustuaðili skal upplýsa Kópavogsbæ um áætlaðan fjölda hjóla í flota, hvernig þjónustuaðili hyggst standa að dreifingu hjóla, s.s. staðsetningar og fjölda hjóla á hverjum stað og gera breytingar í samráði við Kópavogsbæ ef þörf krefur
- Þjónustuaðili skal stýra því hvar sé hægt að skilja við hjól með svæðishindrun eða sleppisvæðum í samráði við Kópavogsbæ, t.d. ekki innan verndarsvæða eða kirkjugarða
- Þjónustuaðili skal staðsetja sleppisvæði í kringum allar strætóstoppistöðvar bæjarins þar sem neytendur eru hvattir til að leggja flotanum gegn ívilnun af hálfu þjónustuaðila
- Þjónustuaðili skal sjá til þess að svæðishindrun sé til staðar á öllum skólalóðum grunnskóla bæjarins þar sem hámarkshraði flota þjónustuaðila er ekki hærri en 15 km á klst.
- Þjónustuaðili skal upplýsa notendur að skuli skilja við hjólin þannig að þau hindri ekki aðra umferð, sérstaklega þeirra með skerta hreyfigetu eða sjón. Ekki skilja við hjól í gróðurbeðum eða á einkalóðum og sýna tillitssemi og almenna skynsemi þegar skilið er við hjól

Ennfremur kemur fram að þjónustuaðili skuli vera virkur í viðhaldi og rekstri hjóla og bregðast við ábendingum sem m.a. geta falið í sér að taka úr umferð biluð eða ónýt

hjól, flytja hjól sem hindra almenna umferð eða valda óþægindum, fjarlægja hjól af svæðum þegar hreinsun gatna og stíga fer fram, og hjól séu ekki staðsett á stígum þegar vetrarþjónusta fer fram.

Allur gangur er á því hvernig þessi skilyrði hafa verið uppfyllt enda eru sum þeirra þess eðlis að erfitt sé að uppfylla þau. Svæðishindranir (e. Geo fence) eru til staðar og hraðatakmörkun á skólalóðum, kirkjugarði og miðbæjarsvæðum.

Í samningnum er ákvæði um Kópavogsbæ er heimilt að fjarlægja hjól af landi bæjarins á kostnað þjónustuaðila ef þjónustuaðili bregst ekki við ábendingum Kópavogsbæjar innan 24 tíma. Í gjaldskrá umhverfissviðs er tilgreint geymslugjald fyrir rafhlaupahjól sem þarf að fjarlægja af bæjarlandi upp á kr. 2.405 pr. hjól.
Hægt er að rifta þjónustusamning ef ekki hefur orðið við beiðnum Kópavogsbæjar um að fjarlægja hjól oftar en þrisvar sinnum.

Það er ekkert launungarmál að margir notendur stöðvalausra rafhlauphjóla leiga, skilja við faratækin á óæskilegum stöðum. Einnig gerist það að hjól verði rafmagnslaus í notkun og þá er notendum þeirra nauðugur einn kosturinn að skilja við farartækin þar sem þau er staðsett þá og þegar þau stoppa.

Kópavogsbær, þjónustuaðilar og strætó hófu samstarf fyrir nokkrum misserum síðan um að að skilgreind séu sleppisvæði þar sem notendur fá afslátt af notendagjöldum en ekki hefur verið sjáanleg breyting á lagningu farartækjanna við þessa ráðstöfun. Ekki hefur verið vilji hjá fyrirtækjunum að forrita farartækin þannig að ekki sé hægt að skilja við þau annarsstaðar en á sleppisvæðum en ljóst er að slík ráðstöfun myndi ekki leysa lagningu farartækjanna nema að hluta og þá ekki þegar farartækin verða rafmagnslaus.

Hægt er að virkja heimild í samningum um að tilkynna um óæskilega lagningu smáfarartækis og fjarlægja gegn geymslugjaldi ef ekki hefur verið brugðist við ábendingunni sólarhring síðar. Slík ráðstöfun mun þýða að bæta þarf við stöðugildi hjá þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar þar sem slíkt eftirlit er tímafrekt. Einnig þyrfti að kaupa ökutæki með lyftu eða öðrum búnaði til að geta fjarlægt hjólið af götu og koma fyrir á öruggu geymslusvæði eða húsnæði sem ekki er til staðar nú.

Annar kostur í stöðunni væri að rifta samningum um stöðvalausa leigu rafhlaupahjóla í Kópavogi og þar með fylgja fordæmi borga og bæja í öðrum löndum þar á meðal talið Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku auk takmarkana í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Rannsóknir á ferðamáta og fararmáta notenda rafhlauphjóla benda sterklega til að meginþorri notenda rafhlauphjóla hefði annars gengið eða notað almenningssamgöngur en áhrifin væru mismunandi eftir borgum og löndum[1]. Rannsókn unnin í Noregi, byggt á svörum frá 2.585 notendum rafhlauphjólafyrirtækja sýndi að ganga var langalgengasti ferðamátinn sem rafhlaupahjólið kom í staðinn fyrir, og almenningssamgöngur var þar á eftir[2].
Rannsókn unnin af Chalmers háskóla í Svíþjóð leiddi í ljós að svæðalaus leiga rafhlaupahjóla fækka vissulega einhverjum bílferðum en mjög stór hluti ferða kemur annars hjá þeim sem annars hefðu gengið eða notað almenningssamgöngur[3].

Þrátt fyrir að notkun rafhlaupahjóla í einhverjum tilfellum fækki bílferðum benda rannsóknir til að stærsti notendahópurinn séu þeir sem annars hefðu farið um gangandi eða notað almenningssamgöngur. Óæskilegar og ótímabærar lagningar rafhlaupahjóla eru fjölmargar og skapa hættu fyrir notendur aðra tegunda fararmáta auk þess að tefja nauðsynlega þjónustu á stígum s.s. hreinsun og vetrarþjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu telur umhverfissvið Kópavogsbæjar að ef vilji er til þess að halda áfram samstarfi við þjónustuaðila rafhlaupahjóla sé nauðsynlegt að endurskoða ákvæði þjónustusamninga á þá leið að þau verði meira íþyngjandi fyrir þjónustuaðila og/eða notendur. Í því samhengi mætti skoða að falla frá ákvæðum sem kveða á um afslátt af notendagjaldi og horfa þess í stað til annarra úrræða, s.s. beitingar sektarákvæða gagnvart þjónustuaðila eða aukinnar gjaldtöku á notendur sem skilja ekki við rafhlaupahjólin á skilgreindum sleppisvæðum.

Að öðrum kosti væri möguleiki á að skoða eftirfarandi leiðir:

- Annars vegar að bæta við stöðugildi í þjónustumiðstöð fyrir eftirlitsstarfsmann sem tilkynnir óæskilega staðsetningu hlaupahjóls og fjarlægir það að sólarhring liðnum hafi þjónustuaðili ekki brugðist við ábendingu. Kostnaður Kópavogsbæjar vegna þessa er launakostnaður, kostnaður við ökutæki og kostnaður vegna geymsluhúsnæðis.
- Að endurnýja ekki eldri samninga og banna stöðvalausa leigu á rafhlaupahjólum innan sveitarfélagsins. Kópavogur yrði skilgreindur sem bannsvæði og engin leigu rafhlaupahjól gætu farið um eða í gegnum Kópavogsbæ.

Virðingarfyllst,
Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

[1] https://www.tandfonline.com/journals/ttrv20?src=pdf
[2] https://doi.org/10.32866/001c.36514
[3] https://doi.org/10.1016/j.scs.2023.105097

Rafræn skilríki

Undirritað af: Birkir Rútsson

Tími: 01.09.2026 14:29
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign